

## REGLUGERÐ

158

17. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 48 3. maí 1929,  
og reglugerð frá 15. desember 1939.

29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg saltfiskur og ís.
2. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg kol, salt, sement, síld, ísfiskur, freðfiskur, kornvara, sykur, kartöflur og rófur.
3. flokkur: 40 aurar fyrir hver 100 kg lýsi, fiskimjöl, síldarmjöl, oliur og járn.
4. flokkur: 8 aurar af teningsfeti trjáviður og aðrar vörur reiknaðar eftir rúm-máli.
5. flokkur: 15 aurar hvert stykki tómar tunnur.
6. flokkur: 50 aurar fyrir hver 100 kg allar aðrar vörur.
7. flokkur: Stórgripir kr. 3.00 fyrir hvern grip.
8. flokkur: Sauðkindur kr. 0.50 fyrir hverja kind.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

159

18. sept.

um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Frá 18. sept. 1939 að telja, er bannað að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrisgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, enn fremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri matvælasædlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

2. gr.

Ríkisstjórnin sendir öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnnum skömmtunarseðla, miðað við mannfjölda á hverjum stað, og skulu þær úthluta seðlum til allra heimila þannig, að hverjum heimilismanni sé ætlaður einn seðill. Úthlutunin fer fram á þann hátt, að móttakendur skulu kvaddir saman eða heimilisfeður í þeirra stað.

Kostnað við prentun og útsendingu seðlanna til hreppsnefnda og bæjarstjórna ber ríkissjóður, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn á hverjum stað annan kostnað við úthlutunina.